

Nd. **819. Frumvarp til laga** [26. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t.a.m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap. sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru.

Það telst óvígð sambúð skv. 1. mgr. ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða kona er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og skal þeim beitt við skipti á búum þeirra er slitið hafa sambúð og ekki hafa komið sér saman um eignaskipti, enda hafi þá ekki þegar verið höfðað mál fyrir almennum dómstóli vegna eignaskiptanna.